

## **26.fundar stjórnar FSÍ, haldinn þriðjudaginn 2.apríl, kl.17:00 á skrifstofu FSÍ, Engjavegi 6.**

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður og Jósep Húnfjörð meðstjórnandi. Auk þess sat fundinn eftirtalinn áheyrnarfulltrúar, Auður Inga Þorsteinsdóttir fulltrúi tækninefndar í hópfimleikum, Sigurður Hrafn Pétursson, formaður tækninefndar karla, Halla Kari Hjaltsted formaður tækninefndar kvenna. Jafnframt sat fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ og Sólveig Jónsdóttir sviðsstjóri landsliðsmála.

Friðbjörn Möller gjaldkeri, Einar Ólafsson ritari Hlíf Þorgeirsdóttir, formaður nefndar um fimleika fyrir alla, boðuðu forföll.

Dagskrá

Til samþykktar

### **1.Styrkur til keppenda á EM í áhaldafimleikum**

Sviðsstjóri landsliðsmála leggur til að þeir keppendur sem fara á Evrópumeistaramótið í áhaldafimleikum, sem haldið er í Moskvu 14-21.apríl, verði veittir styrktir að upphæð 130.000kr. hver. Upphæðin er fengin með þrennum hætti, 45 þúsund vegna sparnaðar sem hlýst af því að senda einungis 1 karl dómara í stað tveggja eins og gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, 50 þúsund koma til vegna hluta styrks sem ÍSÍ veitti FSÍ vegna landsliðsverkefni 2013, m.a. Evrópumeistaramóts, og 35 þúsund sem hluti af þeim styrk sem kemur í gegnum samstarf FSÍ við Arion banka.

Málið rætt

**Bókun.: Ljóst er að með betra utanumhaldi og yfirsýn með landsliðsmálum með ráðningu sviðstjóra landsliða og landsliðsþjálfara skapast svigrúm til sparnaðar fyrir sambandið, sem að þessu sinni fólst í því að færri dómara fara á EM 2013 heldur er gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, mikilvægt er að sá sparnaður sem næst fram komi keppendum Fimleikasambandsins til góða. Breyting á úthlutun í afrekssjóði ÍSÍ, sem miðar að því að í stað þess að einstaklingar fái styrk úr sjóðnum fái fimleikasambandið fjármuni til úthlutunar gefur okkur jafnframt tækifæri til að úthluta til þeirra sem valdir hafa verið til þátttöku á EM 2013 fjármagni sem sambandið hefur ekki áður haft til ráðstöfunar. Með þessu gefst okkur tækifæri til að koma til móts við þann mikla kostnað sem felst í þátttöku á erlendum mótum fyrir einstaklinga og forráðamenn þeirra. Arionbanki hefur verið okkar helsti styrktaraðili á undanförunum árum og með þeim fjármunum hefur okkur tekist að greiða niður kostnað keppenda á Evrópumóti 2012 og núna 2013 um umtalsverða fjárhæðir. Um fram kostnaður greiðist af keppendum.**

**Stjórn samþykktir því tillögu sviðstjóra landsliða og óskar keppendum velfarnaðar á mótinu.**

### **2.Breytingar á mótareglum vegna mílanómeistaramóts.**

Stjórn FSÍ hefur borist tillaga um breytingar á móta- og keppnisreglum FSÍ, er varðar Mílanómeistaramótið.

Greinagerð; Á meistaramótinu undanfarin ár, hafa drengjaflokkar verið í samræmi við norðurlandareglur, en í núverandi útgáfu af móta- og keppnisreglum, þá gleymdist að breyta því. Því er farið fram á að þessum aldursreglum verði breytt í samræmi við þær hefðir sem hafa verið varðandi meistaramótið.

Greinin var;

1	Nafn móts	Meistaramót
2	Tímabil	Apríl - maí
3	Innihald móts	Frjálsar æfingar karla og kvenna, allir aldursflokkar
4	Fyrirkomulag	Fjölþraut og einstök áhöld
5	Keppnisreglur	FIG
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í fjölþraut og á hverju áhaldi í hverjum aldursflokki karla og kvenna

Greinin verður;

1	Nafn móts	Meistaramót
2	Tímabil	Apríl - maí
3	Innihald móts	Frjálsar æfingar karla og kvenna, allir aldursflokkar
4	Fyrirkomulag	Fjölþraut og einstök áhöld
5	Keppnisreglur	Kvennahluti = FIG. Karlahluti, drengjaflokkur: 11 - 13 ára Norðurlandareglur, piltaflokkur: 14 - 17 ára FIG junior, Fullorðinsflokkur: 18 ára og eldri FIG reglur.
6	Verðlaun	Verðlaunapeningar í fjölþraut og á hverju áhaldi í hverjum aldursflokki karla og kvenna

Málið rætt

**Stjórn FSÍ samþykkir þessa breyting enda hefð fyrir þessari aldursskiptingu.**

### **3.NM U-14, tillaga frá sviðsstjóra varðandi þjálfara, dómara og fararstjóra**

Sviðstjóri landsliðsmála leggur til, í samráði við landsliðsþjálfar karla, að Sigurður H. Pétursson verði valinn sem þjálfari og Axel Bragason sem þjálfari og fararstjóri fyrir NM U-14 sem haldið verður í Halmstad, Svíþjóð, 3-5.maí næstkomandi Auk þess sem 2 dómarar verði sendir með í ferðina.

Málið rætt

**Tillaga sviðsstjóra er samþykkt.**

### **4.Tillaga um formann uppstillingarnefndar vegna fimleikabings**

Formaður leggur til að Auður Inga Þorsteinsdóttir verði skipuð formaður uppstillingarnefndar vegna fimleikabings 2013.

Málið rætt

**Tillagan er samþykkt.**

### **5. Formannafundur um miðjan apríl**

Formaður leggur til að formannafundur verði haldinn um miðjan apríl til undirbúnings fyrir fimleikabing sem haldið verður 4.maí næstkomandi.

Málið rætt

**Stjórn samþykkir að hafa formannafund og felur framkvæmdastjóra að finna dagsetningu á fundinum.**

Til kynningar

1.samningur við TM

Til bókunar

1.fundargerð tkv 4.feb

2.fundargerð tkv 26.feb

3.fundargerð ffa 14.mars

Bréf til FSÍ

1.bréf frá nokkrum þjálfurum vegna ábendinga varðandi dómgæslu í áhaldafimleikum.

Tillögum bréfitara vísað í fagnefndir FSÍ, TKV, TK og THF.

Fundi slitið kl. 18:20